

Kærði neitar að vera á nokkurn hátt viðriðinn ofangreint innbrot.

Rannsókn máls þessa er ekki lokið, og mestur hluti þýfisins hefur enn ekki komið í leitirnar. Með hliðsjón af framansögðu og vísan til 1. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt, svo kærði með óskertu frelsi sínu geti eigi spillt sakargögnum, að úrskurða kærða í gæsluvarðhald. Brot það, sem kærði er grunaður um, getur varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar þykja því ekki standa gæsluvarðhaldinu í vegi.

Ákveðst gæsluvarðhaldstíminn allt að 30 dögum.

Úrskurðarorð:

Kærði, Bragi Ólafsson, sæti gæsluvarðhaldi í allt að 30 dögum.

Þriðjudaginn 15. mars 1977.

Nr. 193/1974. Þverárhreppur

(Sigurður Ólason hrl.)

gegn

Benedikt Axelssyni

Þorkelshólshreppi

Sveinsstaðahreppi og

Áshreppi

(Páll S. Pálsson hrl.).

Synjað um innsetningargerð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann, Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Jón Ísberg sýslumaður hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 8. nóvember 1974. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði

hrundið og að lagt verði fyrir fógetaréttinn „að opna umrætt hlið á hinn svokölluðu Miðhópsgirðingu vestan Gljúfurár“. Hann krefst og málskostnaðar óskipt úr hendi stefndu fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Mörg ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þ. á m. afsal 9. janúar 1904 frá Sigurði Jónssyni, bónda á Lækjamóti, til áfrýjanda fyrir $\frac{1}{4}$ úr Haukagilsheiði með $\frac{1}{8}$ úr Lambatungum og $\frac{1}{8}$ úr Kornsártungum. Þá kemur fram af gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, að Þverárhreppur hefur á leigu beitarland í svonefndri Fremrihlíð austan í Víðidalshalli.

Leggja verður til grundvallar, að Jóhannes Magnússon og Guðmundur Sigurðsson hafi verið gerðarbeiðendur í héraði f. h. áfrýjanda, svo sem bókað er í fógetarétti Húnavatnsýslu í fyrsta þinghaldi í málinu 2. júlí 1974.

Við málflutning fyrir Hæstarétti kom fram, að þeir Guðmundur og Jóhannes hefðu verið fjallskilastjórar í Þverárhreppi, þegar málssókn þessi hófst.

Ágreiningur hefur lengi verið með aðiljum um rekstrarleið fyrir stóðhross úr Þverárhreppi fram á heiðarlönd áfrýjanda, þau er í málinu greinir. Réttur áfrýjanda til rekstrar gegnum hlið á Miðhópsgirðingu er eigi glöggur, og hann hefur eigi sýnt fram á, að slíkir hagsmunir hafi verið í húfi, að eigi hafi mátt bíða úrlausnar vettvangsdóms um ágreininginn. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Það er athugavert, að af hálfu áfrýjanda hafa verið lögð fram mörg bréf og greinargerðir fyrir Hæstarétt, sem geyma skriflegan málflutning.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Þverárhreppur, greiði Benedikt Axelssyni,

Þorkelshólshreppi, Sveinsstaðahreppi og Áshreppi 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Beiðni um opnun hliðs á Miðhópsgirðingu með beinni fógætagerð, dags. 27. júní 1974, er undirrituð af þeim Jóhannesi Magnússyni og Guðmundi Sigurðssyni. Ekki segir í gerðarbeiðninni, að gerðarinnar sé krafist vegna áfrýjanda. Hvorki er komið fram, að hinir nafngreindu menn hafi annar eða báðir saman verið bærir að lögum til fyrirsvars fyrir dómstólum fyrir Þverárhrepp um málefni það, sem hér greinir, né að þeir hafi haft sérstakt umboð hreppsnefndar til að krefjast þess, að gerðin færi fram. Í samþykkt hreppsnefndar Þverárhrepps 10. júní 1974 segir svo: „Vegna kæru á hendur stóðrekstrarmanna úr Þverárhreppi vorið 1973 telur hreppsnefnd rétt, að þeir aðilar, sem kærðir voru, standi fyrir því máli. — En hins vegar telur hreppsnefnd sjálfsagt, að sveitarsjóður taki á sig kostnað, sem af þessu leiðir, ef einhver verður“. Bendir samþykkt þessi til þess, að á þessum tíma hafi hreppsnefndin ekki ætlað að láta málið til sín taka í nafni hreppsfélagsins. Verður samkvæmt þessu að líta svo á, að Jóhannes Magnússon og Guðmundur Sigurðsson hafi verið gerðarbeiðendur.

Úrskurði fógæta, er synjar um framgang gerðarinnar, er áfrýjað til Hæstaréttar í nafni Þverárhrepps. Þar sem hreppurinn var samkvæmt framansögðu ekki málsaðili fyrir fógætaréttinum, og honum er ekki heimil áfrýjun úrskurðarins af öðrum ástæðum, tel ég, að vísa beri málinu frá Hæstarétti. En þar sem sú úrlausn hefur ekki samþykki meiri hluta dómenda, mun ég samkvæmt ákvæði 1. mgr. 53. gr. laga nr. 75/1973 greiða atkvæði um efni málsins.

Með skírskotun til þess, sem segir í forsendum dómsatkvæðis meiri hluta dómenda um efni málsins, er ég samþykktur niðurstöðu dómsatkvæðisins.

Úrskurður fógataréttar Húnavatnssýslu 13. ágúst 1974.

Með bréfi, dags. 27. júní sl., fóru þeir Jóhannes Magnússon bóndi, Ægissíðu, og Guðmundur Sigurðsson bóndi, Katadal, fram á, að svokallað Miðhópshlíð verði opnað með fógetavaldi, svo þeir geti óhindrað rekið þar í gegn stóð, sem fara á fram á Haukagilsheiði, en þar á Þverárhreppur land, sem stóð er rekið í.

Fógeti ásamt gerðarbeiðendum fór á vettvang svo og Benedikt Axelsson bóndi, Miðhópi, en hann mætti jafnframt fyrir hreppsnefndir þeirra hreppa, sem málið snertir, Þorkelshólshrepp, Sveinstaðahrepp og Áshrepp. En svo stutt var liðið frá almennum sveitarstjórnarkosningum, að ekki höfðu oddvitar verið kjörnir. Umboð Benedikts var munnlegt og aðeins að mótmæla, að gerðin næði fram að ganga, og biðja um frest til þess að réttkjörnir oddvitar nýkjörinna hreppsnefnda gætu tekið afstöðu til og lagt fram gögn í málinu.

Gerðarbeiðendur höfðu ásamt fleirum verið kærðir fyrir sakadómi Húnavatnssýslu vorið 1973 fyrir að hafa farið í gegnum umrætt Miðhópshlíð, en það var þá læst með lás. Hreppsnefnd Þverárhrepps samþykkti á fundi sínum 10. júní sl. dómsskj. nr. 2, að þeir, sem kærðir voru 1973, standi fyrir þessu máli, en sveitarsjóður greiði málskostnað, ef einhver verður.

Allir aðiljar þessa máls eru ólöglærðir, og hefur fógétinn reynt að leiðbeina þeim eftir getu, bæði um formlegu hliðina og bent þeim á að afla gagna. Umboð gerðarbeiðenda frá hreppsnefnd Þverárhrepps hefðu getað verið fyllri og ákveðnari, en þeim hefur ekki verið mótmælt, enda vilji allra aðilja að fá efnisúrskurð um þetta mál, þ. e. löglega rekstrarleið Þverhreppinga á heiðarland þeirra, en láta minni háttar formgalla ekki hindra slíkan úrskurð.

Reynd var sátt með aðiljum, en án árangurs.

Deilumál þetta er orðið allgamalt. Árið 1945 fór Eggert Levý hreppstjóri, Ósum, fram á, að þetta hlið yrði opnað með fógetavaldi. Var því synjað með úrskurði fógataréttar Húnavatnssýslu 9. júlí það ár. Hæstaréttarstefna var tekin út í því máli, en fallið frá henni síðar vegna þess, að gerðarbeiðandi, Eggert Levý, og þáverandi gerðarþoli, oddviti Þorkelshólshrepps, Axel Guðmundsson, Valdarási, sömdu um rekstrarleið í gegnum þetta hlið, en frekari málssókn féll niður. Samningur þessi var gerður 28. nóvember 1945.

Í því máli var aðalkrafa gerðarbeiðanda, að rekstrarleiðin fram Víðidalsfjall vestan Gljúfurár yrði viðurkennd bæði vegna þess,

að þarna væri um alfaraleið að ræða, og einnig hefði unnist hefð á þessari rekstrarleið þeirra Þverhreppinga. Fógetarétturinn komst að þeirri niðurstöðu, að svo væri ekki. Fógetarétturinn nú telur sig ekki geta breytt þessari niðurstöðu, þrátt fyrir að í raun kom úrskurður fógetaréttar ekki til framkvæmda, þar sem um jafnhátt dómstig er að ræða. Samkvæmt gildandi vegalögum getur maður girt yfir alfaraleið með leyfi viðkomandi hreppsnefndar. Þessu má áfrýja til vegamálastjóra, en hans úrskurð hlýtur að mega bera undir dómstólana. Nú liggur fyrir, eins og 1945, bann hreppsnefndar Þorkelshólshrepps við stóðrekstri fram um Miðhópsflið, eða m. ö. o. samþykkt hennar til handa ábúanda Miðhóps til þess að loka hliðinu. Þessu hefði átt að vísa til vegamálastjóra, og er formgalli á málinu, en eins og áður segir, hlýtur þetta mál að koma til úrlausnar dómstóla. Úrskurður vegamálastjóra er nánast umsögn eða álit hans, sem ekki er bindandi fyrir dómsvaldið. Fógetinn telur ekki rétt, að þessi formgalli, þótt verulegur sé, tefji efnislega niðurstöðu málsins, og vísar því ekki frá þess vegna.

Að þessu athuguðu lítur fógetarétturinn svo á, að eigandi Miðhóps hafi fulla heimild til þess að loka hliðinu með samþykki hreppsnefndar Þorkelshólshrepps, og nægði af þessari ástæðu einni að synja um framgöngu kröfunnar um opnun hliðsins, en gerðarbeiðandi heldur því hins vegar fram, að með samningnum frá 28. nóvember 1945 hafi Þverhreppingum verið heimiluð leið fram og í gegnum Miðhópsflið og þeim samningi hafi ekki verið sagt upp, aðeins öðrum ákvæðum samningsins. Þess vegna sé um samningsbrot að ræða af hálfu Þorkelshólshrepps að heimila lokun hliðsins nú einhliða. Þessari skoðun sinni til stuðnings vitna gerðarbeiðendur í álit Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, dags. 28. sept. 1963, um gildi samningsins frá 18. nóv. 1945 (dómsskj. nr. 4). Lögmaðurinn telur, að samningurinn hafi verið milli hreppsnefndar Þorkelshólshrepps og Eggerts heitins Levý persónulega, en ekki milli hreppsnefndanna, og einnig að ákvæðin um endurskoðun hans heimili ekki einhliða uppsögn. Um fyrra atriðið er það að segja, að Eggert heitinn Levý, hreppstjóri og sýslunefndarmaður á Ösum, bar ægishjálms yfir sveitunga sína, og voru þar þó engir aukvisar. Hann hugsaði um hag þeirra á allan hátt, og það er hann, en ekki hreppsnefnd, sem lætur sverfa til stáls og krefst opnunar Miðhópsfliðs 1945. Þegar þeirri beiðni er synjað, tekur hann út hæstaréttarstefnu, en hættir við þá stefnu, þegar hann fær því framgengt með samningi að

fá að reka a. m. k. næstu 10 árin gegnum hliðið gegn greiðslu, sem svarar hátt í þrjú lambsverð að hausti, eða miðað við verðlag sl. haust kr. 3.500 hvert lamb (samkv. uppl. frá S. A. H. voru greiddar kr. 115 fyrir lamb 1945). Og jafnvel þótt litið verði þannig á, að þarna hafi verið um persónulegan samning hans, hlýtur arftaki hans að vera hreppsnefnd Þverárhrepps, því varla getur það verið meining lögmannsins, að fráfali Eggerts heitins laust eftir 1950 verki þannig, að endurskoðun verði ómöguleg og samningurinn gildi um aldur og ævi. Eini aðilinn í hreppum, sem getur komið fram fyrir hreppsbúa, er hreppsnefnd. Enda tekur hreppsnefnd við uppsögninni og gerir um ályktun á fundi 10. mars 1958 að óska eftir viðræðum við hreppsnefnd Þorkelshólshrepps.

Eggert heitinn Levý var stórbrotinn maður og kunni því illa að tapa. Þessi eiginleiki hans kemur fram í bréfi hans, dómsskj. nr. 7, dags. 3. mars 1946. Þar ræðir hann samninginn frá 28. nóv. fyrra árs og getur þess, sem áunnist hafði, en gleymdi að geta um greiðslu kr. 300, sem hann eða hreppssjóður Þverárhrepps greiddu til Þorkelshólshrepps og var fært á girðingasjóð hans, en það er sérstakur reikningur, heiðagirðingareikningur, sem á eru færðar tekjur og gjöld vegna heiðagirðinga í Þorkelshólshreppi (sjá dómsskj. nr. 18).

Ef samningurinn á dómsskj. nr. 6 er athugaður, er aðalefni hans, að umferð um Miðhópshlið er heimiluð, heimilaður er upprekstur 75 hrossa á Viðidalstunguheiði og fógetaréttarmálið fellur niður. Eggert Levý greiðir kr. 300, eða eftir núverandi verðlagi nærri þrjú lambsverð, eða um kr. 10.000. Samningurinn verði endurskoðaður eftir 10 ár.

Á dómsskj. nr. 7, sem áður er vitnað í, leggur Eggert aðaláherslu á upprekstrarréttinn á Viðidalstunguheiði, og þar kemur í ljós, að um framhaldandi réttindi var að ræða. Þverhreppingar höfðu þessi réttindi, og það hlakkar í gamla manninum, er hann tilkynnir, að þeir Þverhreppingar þurfi í samanburði við heimamenn sama sem ekkert að greiða fyrir landið.

Í umræddu bréfi á dómsskj. nr. 7 segir Eggert heitinn ekkert frá sjálfum sér um opnun leiðarinnar um Miðhópshlið, sem hann hafði þá barist fyrir að opnuð yrði. Það verður ekki skýrt annan veg en þann, að sigurinn hafi verið nokkuð dýr og ekki alger, þar sem tímabilið var aðeins 10 ár. Af þessu leiðir, að telja verður, að hreppsnefnd Þorkelshólshrepps hafi haft fulla heimild til þess að segja upp samningnum frá 28. nóv. 1945, og það raunar viður-

kennt af hreppsnefnd Þverárhrepps með samþykkt sinni á dómskj. nr. 9, þar er ekkert getið um rekstrarleið í gegnum Miðhópshlíð, en aðeins samið um áframhaldandi hagagöngu á Víðidalstunguheiði. Þeim samningi er svo sagt upp með bréfi 7. maí 1963 á dómskj. nr. 10. Heimild til uppsagnar hlýtur að taka til allra þátta samningsins, einnig upprekstrarleiðarinnar um Miðhópshlíð. Enda var þetta álit allra gerðarþola, því strax eftir að samningurinn frá 1958 er gerður, hefst stríðið að nýju. Og nú eru aðalhvatamennirnir oddvitar Áshrepps og Sveinsstaðahrepps.

Þannig stendur á, að Miðhóp á land meðfram Gljúfurá og upp í Víðidalsfjall fram að Hólagilslæk. Þar fyrir framan tekur við Þingeyraselsland. Miðhópsgirðingin er nokkru norðan við Hólagilslæk, svo Miðhóp á þarna um 80—100 ha sneið. Þessi girðing var að sögn upphaflega gerð af eiganda Miðhóps, en upprekstrarfélögin sjá nú um hana. Land Þingeyrasels hefur marga undanfarna áratugi verið nýtt sem afrétt og ekki búið í selinu frá því um 1930.

Því verður ekki neitað, að leiðin fram með Víðidalsfjalli að austan um Miðhópshlíð virðist beinust leið fyrir Þverhreppinga að fara fram á Haukagilsheiði, en þar eiga þeir upprekstrarrétt fyrir ákveðinn fjölda hrossa.

Á þeim tíma, um 1960, voru hross rekin á heiði eins fljótt og gróður leyfði, þ. e. talinn var kominn nægur gróður fyrir hross. Þá var rekið mikið fyrr en nú, þegar ekki er leyft af gróðurverndarsjónarmiðum að reka fyrr en 10. júlí í ár. Þá kvörtuðu bændur, sem laust fé áttu í Víðidalsfjalli, undan því, að hrossarekstur fram fjallið styggði lambféð og jafnvel yrði til þess, að lömb viltust undan. Þá mun alltaf hafa verið viss tilhneiging til tortryggni gagnvart fjölda hrossanna. Af þessum ástæðum töldu sveitarstjórnir, þ. e. stjórn upprekstrarfélags Áshrepps og Sveinsstaðahrepps, rétt að ákveða rekstrarleiðina fram Vatnsdal samkvæmt heimild í fjallskilareglugerð Austur-Húnavatnssýslu. Þessu vildu gerðarbeiðendur ekki hlíða og töldu Þingeyraselsland vera í Vestur-Húnavatnssýslu. Gætu sveitarstjórnirnar í Austur-Húnavatnssýslu ekki ákveðið rekstrarleiðina. Fógetarétturinn lætur það liggja milli hluta, hvar sýslumörkin eru, enda hefur fógetinn vikið sæti ex officio í máli, sem þarf að kveða á um þetta atriði, þar sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hafði afgreitt mál og hann tekið þátt í þeirri afgreiðslu, sem gengur út frá, að umrætt land sé í Austur-Húnavatnssýslu.

Árið 1962 kæra oddvitar Ás- og Sveinsstaðahreppa til saka-

dóms (sjá dómsskj. nr. 5) gerðarbeiðendur og einn mann til fyrir að reka í gegnum Miðhópshlið og fram Víðidalsfjall, en oddvitarnir höfðu ákveðið að reka skyldi fram Vatnsdal, og fyrir brot á fjallskilareglugerð Austur-Húnavatnssýslu. Máli þessu lauk með því, að saksóknari taldi ekki þörf aðgerða eftir að hafa fengið sakadómsskýrslur um málið. Féll þá málið niður um sinn, en þetta sýnir, að gerðarþolar töldu, að umferðarrétturinn samkv. samningum frá 1945 væri ekki fyrir hendi. Síðan þá hafa báðir aðiljar rætt þessi mál við fúgetann sem sýslumann og hann bent þeim á, að auðveldasta leiðin til þess að fá úr þessu skorið væri að leita aðstoðar fúgetaréttar, annað hvort með kröfu um að opna hliðið, eins og nú hefur verið gert, eða leggja lögbann við þessari leið. Samkomulag virðist útilokað.

Eins og áður er komið fram, lætur fúgetarétturinn liggja milli hluta, hvort umrætt land sé í Austur-Húnavatnssýslu eða Vestur-Húnavatnssýslu og hvort sveitarstjórnir Ás- og Sveinsstaðahrepps hafi heimild til þess að ákveða rekstrarleið. Hins vegar telur rétturinn, að samningurinn frá 28. nóv. 1945 hafi aðeins veitt tímabundinn rétt til rekstrar í gegnum Miðhópshlið. Þegar þeim samningi var sagt upp, hafi rétturinn fallið niður, þ. e. um hann var ekki frekar samið. Tíminn, síðan samningurinn féll úr gildi, er allt of stuttur til þess, að um hefð geti verið að ræða. En úrskurður fúgetaréttar Húnavatnssýslu frá 9. júlí 1945 um hefð og rétt vegna alfaraleiða þar áður stendur í fullu gildi gagnvart fúgetaréttinum nú. Því verður að synja um framgang þeirrar kröfu að opna umrætt Miðhópshlið.

Ályktunarorð:

Krafa gerðarbeiðenda um opnun Miðhópshliðs á ekki að ná fram að ganga.
